



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir formaður

Kópavogi, 10. október 2024
23111597/300.00 Sp

Varðar: Þátttaka í kostnaði vegna lengri opnunar á kaffistofu Samhjálp.

Til að tryggja að heimilislausir einstaklingar með miklar og flóknar þjónustufarir hafi öruggt athvarf þegar kólna fer í veðri hafa sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ákveðið að ganga að nýju til samstarfs við Samhjálp, sem mun lengja opnunartíma kaffistofu Samhjálp yfir köldustu vetrarmánuðina. Á tímabilinu 1. desember 2023 til 1.apríl 2024 lengdi Samhjálp opnunartíma kaffistofu Samhjálp að Borgartúni 1a, frá kl. 14:00 til 16:30 alla daga vikunnar og var ánægja með lengri opnunartíma.

Lengdur opnunartími er til þess fallinn að bregðast enn betur við vanda heimilislausra einstaklinga með miklar og flóknar þjónustufarir.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi kostnaðarskiptingu en hlutdeild Kópavogsbæjar í lengri opnun kaffistofu Samhjálpar rúmast inn fjárheimilda velferðarsviðs:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Hlutfall	Hlutur sveitarfél.
Reykjavík	136.894	56,13%	7.015.658
Garðabær	19.088	7,83%	978.238
Hafnarfjörður	30.616	12,55%	1.569.034
Kópavogur	39.335	16,13%	2.015.873
Mosfellsbær	13.403	5,50%	686.888
Seltjarnarnes	4.572	1,87%	234.310
	243.908	100%	12.500.000

Tillaga

Lagt er til að Kópavogsbær taki að nýju þátt í lengri opnun kaffistofu Samhjálpar líkt og veturinn 2023 til 2024 og tryggi þannig íbúum sínum sem eru að takast á við erfiðleika öruggt skjól.

Virðingarfyllst,

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs